

73 Þó er heimilt að birgja upp vöruflutningaskip, sem sigla frá Íslandi til 24. maí. næstu erlendra hafnar, sem þau ætla að koma á.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. maí 1917

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

74
9. júní.

fyrir brunaliðið á Sauðárkróki.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaptúninu skal falin 3ja manna nefnd, og eiga sæti í henni hreppstjóri sem formaður, brunaliðsstjóri (þ. e. slökkviliðsstjóri samkvæmt lögum um brunamál 22. nóv. 1907) og 1 maður, er hreppsnefndin kys til 3ja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með að hlýtt sje fyrirmælum laganna um varnir gegn eldsvoða. Að ávalt sje fyrir hendi það sem hæfilegt og nægilegt þykir af eldvarnaráhöldum og að þeim sje haldið vel við og í góðu lagi. Kostnaður við útvegum og viðhald hverskonar eldvarnaráhalda greiðist úr sveitarsjóði. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum og hreinsun reykháfa og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja eldsuppkomu.

3. gr.

Brunaliðið skiftist í þessa flokka:

- a. Slökkvilið,
- b. Húsrifslíð,
- c. Bjarglíð.
- d. Lögreglulið.

Fyrir hvern flokk um sig skipar brunamálanefndin yfirmann, undirfor- 74
ingja, varamenn og aðstoðarmenn eftir þörfum. Hún ákveður tölu liðsmanna í 9. júní.
hverjum flokki og skipar fyrir um merki, ef þurfa þykir.

4. gr.

Þegar brunakall er hafð, er slökkviliðið skyldugt til, svo fljótt sem mögu-
legt er, að mæta við slökkviáhaldahúsið, og skal það neyta allra krafta til að
koma slökkviáhöldunum að eldstöðvunum sem allra bráðast. Það er skylda
slökkviliðsins að vinna að því af fremsta megni að slökva eld, er upp kann að
koma í kaupþúninu, þannig að eigi standi hættu af, og takmarka útbreiðslu elds-
ins svo sem mögulegt er.

Allir aðrir, sbr. 3. gr. og 14. gr., skulu skyldir til strax og brunkall er
hafð að mæta við eldstöðvarnar.

5. gr.

Það er skylda bjargliðsins að bjarga úr eldinum mönnum og skepnum
og verðmætum munum.

6. gr.

Það er skylda húsrifslíðs að rífa niður húsgirðingar og annað, er aukið
getur eldinn eða hindrað slökkvi-tilraunir. Skal slíkt niðurrif aðeins gjört eftir
fyrirmælum brunaliðsstjóra.

Þegar ekki þarf á neinum slíkum störfum að halda, sem um getur í
þessari grein og næstu grein á undan, er bjarglið og húsrifslíð skylt að aðstoða
slökkviliðið.

7. gr.

Það er skylda lögregluliðsins að halda reglu á við eldsvoða og æfingar
brunaliðsins, varna óviðkomandi mönnum að koma nærri eldstöðvunum og banna
alla umferð um götur, þar sem þess þarf. Lögregluliðið skal gæta þess, að
mannþyrpingar hindri ekki eða tefji slökkviliðið eða aðrar flokksdeildir bruna-
liðsins. Það sjer um, að inn í hús, sem í eldhættu eru, fari engir nema húsbúar
sjálfir og bjargliðið. Það sjer um vörslu á björguðum munum og annast brott-
flutning og aðhjúkrun þeirra, er fyrir slysum verða, og tekur fasta eða visar
burt þeim, er sekir verða, og kærir þá.

Lögregluliðið er undir stjórn hins reglulega lögreglustjóra.

8. gr.

Enginn brunaliðsmaður má fara burt frá eldstöðvunum fyr en brunaliðs-
stjóri leyfir það. Brunalið er gegn hæfilegri þóknun, er brunamálanefnd í hvert
sinn ákveður, skyldugt til að kæfa eld í rústum og ryðja þær, ef þess er óskað.

9. gr.

Hinar nánari reglur um störf hvers liðsflokks fyrir sig semur brunaliðs-
stjóri með ráði hinna annara brunamálanefndarmanna, og skulu yfirmenn flokk-
anna birta þær liðsmönnum sínum sem fyrirskipanir.

10. gr.

Brunaliðsstjóri hefir á hendi allar framkvæmdir, er að eldvörnum lúta.
Hann ber ábyrgð á því, að brunaliðið sje vel æft. Þegar eldsvoða ber að hönd-
um, hefir hann einn á hendi yfirstjórn brunaliðsins. Hann ákveður, hvað gjöra
skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki láta rifa
niður hús til varnar útbreiðslu eldsins nema samþykki lögreglustjóra komi til.

Hann hefir eftirlit með slökkviáhöldum kauptúnins, heldur skrá yfir þau
og sjer um, að þau sjeu í reglu og ætíð til taks. Hann hefir eftirlit með því, að
yfirmaður hvers flokks færi nákvæma nafnaskrá yfir undirforingja og liðsmenn.
Um hver áramót skal hann sýna brunamálanefnd áhaldaskrána og slökkviliðs-
skrárnar, og gengur hún úr skugga um, að þær sjeu rjettar.

Hann skal við störf sín bera einkennishúfu eða annað gjögt merki þar,
sem allir geta sjeð það.

11. gr.

Hreppsnefnd skipar brunaliðsstjóra til 3 ára í senn og aðstoðarmann, er
að öllu leyti gengur í hans stað, þegar hann er ekki viðstaddur.

12. gr.

Brunaliðsstjóri má ekki fara burt úr kauptúninu, nema hann tilkynni það
hreppstjóra, og setji auk aðstoðarmannsins annan í sinn stað til vara. Sama
regla gildir og fyrir yfirmenn flokkanna.

13. gr.

Æfingar brunaliðsins ákveður brunaliðsstjóri í samráði við hina aðra tvo
stjórnendur í brunamálanefnd. Æfingar skulu haldnar eigi sjaldnar en tvisvar á
hverju ári, og ber brunamálanefnd ábyrgð á því, að þessu sje fylgt. Skal hvatt
til æfinga með venjulega brunakalli, en brunamálanefnd ákveður og auglýsir,
hvernig brunakalli skuli hagað.

14. gr.

Allir verkfærir menn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaup-
túninu, að undanskyldum lækni og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna,
að þeir fyrir heilsubilun sjeu ófærir til vinnu, eru skyldir til að taka þátt í
störfum brunaliðsins. Hver sá, er eigi mætir tafarlaust á vettvangi, þegar
brunakall er hafð, eða sýnir óhlýðni eða mótþróa gegn fyrirskipunum yfirmanns,
skal sæta alt að 25 kr. sektum, nema brotið sje ítrekað eða sjerstakar ástæður
sjeu til.

15. gr.

74

9. júní

Vatn til að slökkva eldsvoða sem og til æfinga skal tekið úr brunahönum bæjarins. Það er á ábyrgð brunaliðsstjóra, að allir brunahanar sjeu óskemdir og ávalt í notfæru ástandi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim, og skal að minsta kosti einu sinni í mánuði frá miðjum apríl til miðs september, en hinn tíma ársins að minsta kosti tvisvar sinnum á mánuði, sannprófa að svo sje.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi fengið til þess leyfi brunaliðsstjóra

16. gr.

Skylt er sjerhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sje tekið úr vatns- hönum í húsi hans til að slökkva með eld gegn fullu endurgjaldi úr sveitarsjóði fyrir skemdir á húsi og húsgögnum, sem af því hlýst, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum hússins. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru íbúar kaupþúsins skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn að eins til nauð- synlegustu heimilisþarfa.

17. gr.

Ef hús brennur, þar sem vatnsleiðsla liggur ekki að, eða ef vatn úr brunahönum nægir ekki, er sjerhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til að flytja vatn og leyfa að vatn sje tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fult endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

18. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða sektum alt að 50 krónum, þar sem eigi er öðruvísi ákveðið. Sektir renna í sveitarsjóð.

Framanskráð reglugjörð er hjermeð sett, samkv. lögum nr. 85, 22. nóv. 1907, og tillögum hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, til að öðlast gildi 1. ágúst 1917 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Islands, 9. júní 1917.

Björn Kristjánsson.

Jón Hermannsson.